

## Heilsuefling og skógurinn

Erna Matthíasdóttir íþróttakennari/lýðheilsufræðingur og Anna Skúladóttir umsjónarmaður útináms fengu framhaldsstyrk frá Forvarnarsjóði Landlæknisembættisins vorið 2013 til þess að vinna áfram að þróunarverkefninu „Heilsuefling og skógurinn“.

Markmið verkefnisins er sem fyrr að búa til „þemaverkefni“ sem tvinnar saman heilsueflingu og útikennslu. Stefnt er að því að efla og styrkja líkamlega og andlega heilsu nemenda í Ártúnsskóla í tengslum við Grenndarskóg skólans og verkefnið "lesið í skóginn". Framhaldsstyrknum hefur meðal annars verið varið í að búa til „þemaverkefni“ sem nefnist „Ævintýri og vatn“. Á vorönn 2014 var kennsluefnið prófað fyrir nemendur í 7. bekk. Stefnt er að því að kenna námsefnið aftur vorið 2015 með viðbótum og breytingum í ljósi reynslu fyrra árs.

### Helstu leiðir:

- Blöndun námsgreina
- Samvinnunám, nemendur vinna í hópum og allir hafa hlutverk
- Leitarnám og fræðsla fyrir vettvangsferðir
- Samanburður á mismunandi vatnasvæðum /búsvæðum: Elliðaá, Mýrarrauðalækur og mýrin.
- Ýmsar rannsóknir á vatnasvæðinu og lífríki þess
- Frjáls ævintýrasköpun (tónlist, myndlist, leiklist, ljóðlist, sögugerð o.s.frv. )
- Hreyfing og leikir, hver hópur býr til leiki og kennir hinum hópunum
- Sýning í Grenndarskógi á vinnu hvers hóps
- Mat á verkefninu